

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2016/1450****2021/EES/34/33****frá 23. maí 2016**

um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreindar eru viðmiðanir um aðferðafræðina við að ákvarða lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB frá 15. maí 2014 sem kemur á ramma um endurreisn og skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 45. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Skilvirk skilameðferð er því aðeins gerleg og raunhæf að nægt innra fjármagn sé tiltækt stofnun sem gerir henni kleift að bera tap og endurfjármagna sig án þess að það hafi áhrif á tiltekna skuldbindingar, einkum þær sem eru undanskildar eftirgjöf. Tilskipun 2014/59/ESB kveður á um að stofnanir skuli uppfylla lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar (MREL) til að komast hjá því að þær reiði sig óhóflega mikið á fjármögnunarleiðir sem eru undanskildar eftirgjöf, þar sem það hefur neikvæð áhrif á tapþol og getu til endurfjármögnunar og að lokum á heildarskilvirkni skilameðferðar ef lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar er ekki uppfyllt.
- 2) Þegar lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar er ákveðin í samræmi við a- og b-lið 6. mgr. 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB ætti skilastjórnvald, ef eftirgjafarúrræðinu er beitt, að hafa í huga þörfina á að tryggja að stofnunin geti borið nægilegt tap og að hægt sé að endurfjármagna hana með fjárhæð sem dugar til að endurreisa almennt eigið fé þáttar 1 á fullnægjandi nægilega mikið til að viðhalda eiginfjárkröfum vegna starfsleyfis og um leið viðhalda nægjanlegu trausti markaðarins. Þessi nánu tengsl við ákvarðanir eftirlitsyfirvalda útheimta að skilastjórnvöld geri slíkt mat í nánu samráði við lögbær yfirvöld í samræmi við rammann sem settur er fram í 6. mgr. 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB og til samræmis við það að skilastjórnvöld ættu, í tengslum við skyldu skilastjórnvalds að hafa samráð við lögbært yfirvald skv. 6. mgr. 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, að hafa hliðsjón af mati lögbærs yfirvalds á viðskiptalíkani, fjármögnunarlíkani og áhættusniði stofnunarinnar í þeim tilgangi að koma þessum varfærniskröfum á.
- 3) Einkum ætti matið á nauðsynlegri getu til að bera tap að vera nátengt gildandi eiginfjárkröfum stofnunarinnar, og matið á nauðsynlegri getu til að endurreisa fjármagn ætti að vera nátengt sennilegum eiginfjárkröfum eftir beitingu skilastefnunnar nema um sé að ræða skýrar ástæður fyrir því að tap í skilameðferð ætti að meta með öðrum hætti en við áframhaldandi rekstrarhæfi. Svipað mat er nauðsynlegt til að tryggja að lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar dugi til að tryggja skilabærni stofnunar þegar beita á öðrum skilarræðum en eftirgjöf.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 237, 3.9.2016, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 237/2019 frá 27. september 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjttíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 190.

- 4) Samkvæmt c-lið 6. mgr. 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB er einnig gerð krafa um að skilastjórnvöld hafi þann möguleika í huga að vissir flokkar skuldbindinga, sem tilgreindir eru í skilaáætlunum og mati á skilabærni, gætu verið undanskildir eftirgjöf. Ekki ætti að reiða sig á slíkar skuldbindingar hvað það varðar að uppfylla lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar. Skilastjórnvöld ættu einnig að tryggja, þegar umtalsverðar fjárhæðir ógjaldfærni flokka skuldbindinga eru undanskildar eftirgjöf, annaðhvort sem skylda eða val, að sú undanþága leiði ekki til skuldbindinga í sama eða réttærri flokki með meira tap en raunin hefði verið við ógjaldfærni, þar sem það yrði annmarki á skilabærni.
- 5) Skilastjórnvöld geta farið fram á að hluti lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar, sem um getur í 1. mgr. 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, sé uppfylltur með víkjandi, sammingsbundnum eftirgjafargerningum, eða hærri lágmarkskröfum eða öðrum ráðstöfunum til að taka á annmörkum á skilameðferð. Ef nægjanlega lítil áhætta er á broti á verndarráðstöfuninni „ekki má halla á neinn lánardrottinn“ er engin þörf á aðlögun að lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar.
- 6) Vissar stofnanir, sem tilskipun 2014/59/ESB tekur til, einkum innviðir fjármálamarkaða sem hafa einnig leyfi sem lánastofnanir, eru með afar sérhæfð viðskiptalíkon og falla undir viðbótarreglur sem ætti að taka tillit til þegar lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar er ákvörðuð.
- 7) Til að tryggja samræmi við varfærnisefirlit ætti mat skilastjórnvalds á stærð, viðskiptalíkani, fjármögnunarlíkani og áhættusniði stofnunarinnar að taka tillit til niðurstaðna könnunar- og matsferlisins sem lögbært yfirvald framkvæmir skv. 97. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB ⁽¹⁾ nema skýrar ástæður séu til þess að meta tap í skilameðferð með öðrum hætti en við áframhaldandi rekstrarhæfi. Við framkvæmd könnunar- og matsferlisins, og í samræmi við 16. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ⁽²⁾, ætti lögbært yfirvald að taka tillit til viðmiðunarreglna um sameiginlegar verklagsreglur og aðferðafræði könnunar- og matsferlis (EBA/GL/2014/13) sem Evrópska bankaefirlitsstofnunin (EBA) gaf út skv. 3. mgr. 107. gr. þeirrar tilskipunar, með því að leggja allt kapp á að fara að þessum viðmiðunarreglum í samræmi við 3. mgr. 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.
- 8) Í skilaáætlunum má kveða á um ráðstafanir um tapþol og endurfjármögnun innan fyrirtækjasamstæðna, m.a. að stofnanir gefi út fjármagnsgerninga eða hæfar skuldbindingar til annarra stofnana eða aðila innan sömu samstæðu. Skilastjórnvöld ættu að fastsetja lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar í samræmi við þessar ráðstafanir ef þær eru óaðskiljanlegur hluti af æskilegustu skilastefnu samstæðunnar.
- 9) Til að tryggja að skilabærni sé ekki háð opinberum fjárstuðningi og að kerfi Sambandsins um fjármögnunarfyrirkomulag vegna skilameðferðar uppfylli það hlutverk sitt að stuðla að því að tryggja fjármálastöðugleika, ættu skilastjórnvöld, þegar lágmarkskrafan um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar er fastsett, að hafa hliðsjón af skilyrðunum í 2. mgr. 101. gr. tilskipunar 2014/59/ESB fyrir notkun fjármögnunarfyrirkomulags vegna skilameðferðar eftir leiðum sem verða óbeint til þess að hluti af tapi stofnunar eða einingar flytjist yfir á fjármögnunarfyrirkomulag vegna skilameðferðar.
- 10) Skilastjórnvöld ættu einnig, í samræmi við f-lið 6. mgr. 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, að íhuga möguleg neikvæð áhrif af falli stofnunar á fjármálastöðugleika. Skilastjórnvöld ættu að gæta sérstaklega að því að tryggja að það komi ekki í veg fyrir skilvirka skilameðferð kerfislega mikilvægrar stofnunar að raunverulegt tapþol hennar og geta til endurfjármögnunar hafi verið fullnýtt eins og kveðið er á um í 44. gr. tilskipunar 2014/59/ESB. Þetta ætti þó hvorki að verða til þess að draga úr eða skipta út þörfinni á að tryggja nægjanlegt tapþol og getu til endurfjármögnunar með niðurfærslu eða umbreytingu á hæfum skuldbindingum né gefa í skyn að fjármögnunarfyrirkomulag vegna skilameðferðar ætti að nota í þessum tilgangi á annan hátt en í samræmi við meginreglurnar sem gilda um notkun fjármögnunarfyrirkomulags vegna skilameðferðar sem settar eru fram í 44. gr. tilskipunar 2014/59/ESB og eingöngu að því marki sem bráðnaðsynlegt er.

⁽¹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærnisefirlit með lánastofnunum og verðbrefafyrirtækjum, um breytingu á tilskipun 2002/87/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB (Stjútíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 338).

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaefirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjútíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

- 11) Í samræmi við e-lið 6. mgr. 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB ættu skilastjórnvöld að meta mögulegt umfang framlaga vegna kostnaðar við skilameðferð úr innstæðutryggingakerfinu með því að meta fjárhæðina sem gerlegt og raunhæft væri að innstæðutryggingakerfið gæti innt af hendi í stað tryggðra innstæðna, ef þær hefðu fallið undir eftirgjöfina. Skilastjórnvöld ættu að tryggja, þegar þau framkvæma þetta mat, að þau og stofnunin hafi gripið til allra eðlilegra og nauðsynlegra ráðstafana sem eru í samræmi við fjármögnunarlíkan þess til að lágmarka þörfina á framlagi úr innstæðutryggingakerfinu. Ef niðurstaða þessa mats er sú að líkur séu á slíku framlagi geta skilastjórnvöld kosið að ákvarða lægri lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar. Öll slík áætluð framlög ættu að vera innan marka um slík framlög sem sett eru fram í tilskipun 2014/59/ESB og því trúlega nærtækust fyrir stofnanir sem fyrst og fremst eru fjármagnaðar með tryggðum innstæðum.
- 12) Til að veita stofnunum eða einingum, sem skilaúrræðum hefur verið beitt á, nægan tíma til að ná lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar er við hæfi að tiltaka umbreytingartímabil.
- 13) Þessi reglugerð byggist á frumvarpi að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.
- 14) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan, tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir álitum hagsmunahópsins um bankastarfsemi í samræmi við 37. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun fjárhæðar sem nauðsynleg er til að tryggja fullnægjandi tappöl

1. Skilastjórnvöld skulu ákvarða fjárhæð tappöls sem stofnunin eða samstæðan ætti að geta mætt.
2. Í þeim tilgangi að ákvarða fjárhæð tappöls í samræmi við þessa grein og öll framlög innstæðutryggingakerfisins til kostnaðar við skilameðferð í samræmi við 6. gr. skulu skilastjórnvöld, í samræmi við 6. mgr. 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, fara fram á samantekt lögbærs yfirvalds um eiginfjárkröfur sem nú eiga við um stofnun eða samstæðu, einkum eftirfarandi:
 - a) kröfur um eiginfjárgrunn skv. 92. gr. og 458. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013⁽¹⁾, sem innihalda:
 - i. hlutfall almenns eigin fjár þáttar 1 sem er 4,5% af áhættugrunni,
 - ii. eiginfjárlutfall þáttar 1 sem er 6% af áhættugrunni,
 - iii. heildareiginfjárlutfall sem er 8% af áhættugrunni,
 - b) allar viðbótarkröfur um eiginfjárgrunn sem eru hærri en þessar kröfur, einkum skv. a-lið 1. mgr. 104. gr. tilskipunar 2013/36/ESB,
 - c) samanlagðar kröfur um eiginfjáruka eins og þær eru skilgreindar í 6. mgr. 128. gr. tilskipunar 2013/36/ESB,
 - d) Basel I lágmark skv. 500. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,
 - e) allar viðeigandi kröfur um vogunarhlutfall.

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1).

3. Hvað þessa reglugerð varðar skal túlka eiginfjárkröfur í samræmi við beitingu lögbærs yfirvalds á umbreytingarákvæðum sem mælt er fyrir um í 1., 2. og 4. kafla I. bóls 10. hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og í þeim ákvæðum í landslögjöf þar sem nýttir eru möguleikarnir sem sú reglugerð veitir lögbærum yfirvöldum.
4. Fjárhæð tapþols sem skilastjórnvald á að ákvarða skal vera samtala krafna sem um getur í a-, b- og c-lið 2. mgr. eða sérhver hærri fjárhæð sem nauðsynleg er til að fara að kröfunum sem um getur í d- eða e-lið 2. mgr.
5. Skilastjórnvald getur ákveðið fjárhæð tapþols með því að beita annarri hvorri eftirfarandi aðferða:
- a) fjárhæð tapþols er jöfn staðalfjárhæð tapþols sem ákveðið er í samræmi við 4. mgr.,
- b) fjárhæð tapþols sem er annaðhvort:
- i. hærri en staðalfjárhæð tapþols sem er ákveðin skv. 4. mgr. þar sem:
- þörfin fyrir að mæta tapi við skilameðferð endurspeglast ekki að fullu í staðalfjárhæð tapþols, að teknu tilliti til upplýsinga sem óskað er eftir hjá lögbæru yfirvaldi varðandi viðskiptalíkan stofnunar, fjármögnunarlíkan og áhættusnið skv. 4. gr. eða
 - nauðsynlegt er að ráða bót á eða ryðja úr vegi annmörkum á skilabærni eða tryggja tapþol vegna eignarhlutdeildar á gningum sem eru hluti af lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar og útgefnar eru af öðrum aðilum innan samstæðu,
- ii. lægri en staðalfjárhæð tapþols sem er ákveðin skv. 4. mgr. að því marki sem, að teknu tilliti til upplýsinga sem eru fengnar hjá lögbæru yfirvaldi um viðskiptalíkan stofnunar, fjármögnunarlíkan og áhættusnið skv. 4. gr.:
- viðbótarkröfur um eiginfjárgrunn, sem um getur í b-lið 2. mgr. og hafa verið ákvarðaðar á grunni niðurstaðna álagssprófa eða til að mæta þjóðhagsvarúðaráhættu, eru metnar óviðkomandi þörfinni á að tryggja tapþol við skilameðferð, eða
 - hluti af samanlagðri kröfu um eiginfjárauka, sem um getur í c-lið 2. mgr., sem skilastjórnvöld meta óviðkomandi þörfinni á að tryggja tapþol við skilameðferð.
6. Ef heimildarákvæði skv. b-lið 5. mgr. er beitt skulu skilastjórnvöld veita lögbæru yfirvaldi rökstuðning fyrir fjárhæð tapþols sem ákveðin hefur verið, í tengslum við skyldu skilastjórnvalds til að viðhafa samráð við lögbært yfirvald skv. 6. mgr. 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.

2. gr.

Ákvörðun nauðsynlegrar fjárhæðar til að uppfylla áfram skilyrði fyrir starfsleyfi og til að stunda starfsemi og viðhalda trausti markaðarins á stofnuninni

1. Skilastjórnvöld skulu ákvarða fjárhæð endurfjármögnunar sem væri nauðsynleg til að framkvæma æskilegustu skilastefnu eins og hún er tilgreind í ferlinu við gerð skilaaætlana.
2. Ef mat á skilabærni leiðir til þeirrar niðurstöðu að slit stofnunarinnar við hefðbundna ógjaldfærnimeðferð séu gerleg og raunhæf, á fjárhæð endurfjármögnunar að vera núll nema skilastjórnvald ákveði að jákvæð fjárhæð sé nauðsynleg af þeirri ástæðu að slit næðu ekki markmiðum skilameðferðar í sama mæli og önnur skilastefna.
3. Þegar metin er þörf stofnunarinnar fyrir lögbundið eigið fé eftir að æskilegasta skilastefna er komin til framkvæmda skulu skilastjórnvöld nota nýjasta tilgreinda gildi fyrir fjárhæð viðkomandi áhættugrunns eða nefnara vogunarhlutfalls, eftir því sem við á, nema allir eftirfarandi þættir eigi við:
- a) skilaaætlunin tiltekur, útskýrir og magngreindir allar breytingar á þörf fyrir lögbundið, eigið fé þegar í stað út frá niðurstöðu skilaaðgerðar,

b) í matinu á skilabærni er litið svo á að breytingin sem um getur í a-lið sé bæði gerleg og raunhæf og hafi ekki neikvæð áhrif á nauðsynlega starfsemi stofnunarinnar, og án þess að stuðst sé við sérstakan opinberan fjárstuðning að undanskildum framlögum frá fjármögnunarfyrirkomulagi vegna skilameðferðar í samræmi við 2. mgr. 101. gr. tilskipunar 2014/59/ESB og meginreglnanna sem stýra notkun þeirra og sett er fram í 5. og 8. mgr. 44. gr. þeirrar tilskipunar.

4. Þegar breytingarnar sem um getur í 3. mgr. eru háðar aðgerðum kaupanda eigna eða starfssviða stofnunar í skilameðferð, eða þriðju aðila, skal skilastjórnvald veita lögbæra yfirvaldinu rökstuðning um hvers vegna sú breyting sé gerleg og raunhæf.

5. Fjárhæð endurfjármögnunar skal a.m.k. vera jöfn fjárhæð sem nauðsynleg er til að uppfylla gildandi eiginfjárkröfu sem þarf til að fara að skilyrðum fyrir starfsleyfi eftir að æskilegasta skilastefnan er komin til framkvæmda.

6. Eiginfjárkröfurnar sem um getur í 5. mgr. skulu innihalda eftirfarandi:

a) kröfur um eiginfjárgrunn, skv. 92. og 458. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sem innihalda:

i. hlutfall almenns eigin fjár þáttar 1 sem er 4,5% af áhættugrunni,

ii. eiginfjárlutfall þáttar 1 sem er 6% af áhættugrunni,

iii. heildareiginfjárlutfall sem er 8% af áhættugrunni,

b) allar kröfur um eiginfjárgrunn sem eru hærrí en kröfurnar sem taldar eru upp í a-lið þessarar málsgreinar, einkum skv. a-lið 1. mgr. 104. gr. tilskipunar 2013/36/ESB,

c) Basel I lágmark skv. 500. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

d) allar viðeigandi kröfur um vogunarhlutfall.

7. Fjárhæð endurfjármögnunar skal einnig innihalda hverja þá viðbótarfjárhæð sem skilastjórnvaldið telur nauðsynlega til að viðhalda nægjanlegu trausti markaðarins eftir skilameðferð.

8. Staðlaða viðbótarfjárhæðin skal vera jöfn samanlagðri kröfu um eiginfjárauka eins og tilgreint er í 4. kafla 1. bálks tilskipunar 2013/36/ESB, sem myndi gilda að því er varðar stofnunina eftir beitingu skilauðræða.

Viðbótarfjárhæðin sem skilastjórnvald gerir kröfu um getur verið lægri en staðlaða upphæðin ef skilastjórnvaldið ákveður að lægri fjárhæð nægi til að viðhalda trausti markaðarins og tryggja bæði samfellu í nauðsynlegri efnahagslegri starfsemi stofnunarinnar og aðgang að fjármögnun án þess að stuðst sé við sérstakan opinberan fjárstuðning að undanskildum framlögum frá fjármögnunarfyrirkomulagi vegna skilameðferðar í samræmi við 2. mgr. 101. gr. og 5. og 8. mgr. 44. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.

Matið á fjárhæðinni sem nauðsynleg er til að viðhalda trausti markaðarins skal taka tillit til þess hvort eiginfjárstaða stofnunarinnar eftir skilameðferð er hæfileg í samanburði við núverandi eiginfjárstöðu sambærilegra stofnana.

9. Skilastjórnvald getur ákvarðað, í samráði við lögbært yfirvald og að teknu tilliti til upplýsinga frá því, að því er varðar viðskiptalíkan, fjármögnunarlíkan og áhættusnið stofnunarinnar skv. 4. gr., að þrátt fyrir ákvæði 3. mgr., sé gerlegt og raunhæft að allar eða einhverjar viðbótarkröfur um eiginfjárgrunn eða eiginfjárauka sem nú gilda um aðilann gildi ekki eftir að skilastefnan kemur til framkvæmda. Í þessu tilviki er hægt að líta fram hjá þeim hluta kröfunnar í þeim tilgangi að ákvarða fjárhæð endurfjármögnunarinnar.

10. Matið sem um getur í 7. mgr. skal taka mið af fjármagni sem er til staðar í öðrum einingum samstæðunnar sem gerlegt og raunhæft væri að væru tiltækar til að styðja traust markaðarins á aðilanum í kjölfar skilameðferðar þegar um er að ræða aðila sem:

a) eru dótturfélög samstæðu sem fellur undir lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar á samstæðugrunni,

- b) myndu halda áfram að uppfylla skilyrðin sem um getur í a-lið í kjölfar framkvæmdar á æskilegustu skilastefnunni, og
- c) ekki er búist við að einn og sér viðhaldi trausti markaðarins og aðgangi að fjármögnun á einingargrunni í kjölfar framkvæmdar æskilegustu skilastefnunnar.

11. Ef skipta skal eignum, skuldbindingum eða starfssviðum stofnunarinnar milli fleiri en eins aðila í kjölfar framkvæmdar æskilegustu skilastefnunnar ætti að leggja þann skilning í fjárhæðir áhættugrunns og eiginfjárfarfna skv. 1.–10. mgr. að þær séu samanlagðar fjárhæðir fyrir alla aðilana.

3. gr.

Útilokun frá eftirgjöf eða hlutaframsal sem hindrar skilabærni

1. Skilastjórnvald skal tilgreina hverja skuldbindingu sem er útilokuð frá eftirgjöf skv. 2. mgr. 44. gr. tilskipunar 2014/59/ESB eða sem fremur líklegt er að verði útilokuð að fullu eða að hluta frá eftirgjöf skv. 3. mgr. 44. gr. þeirrar tilskipunar, eða framseld til móttakanda að fullu, með því að nota önnur skilaúrræði sem byggja á skilaáætluninni.

2. Ef skuldbinding sem tæk er til að teljast til lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar, með fyrirvara um 6. gr., telst hugsanlega útilokuð skv. 1. mgr., að fullu eða að hluta, skal skilastjórnvald tryggja að lágmarkskrafan um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar sé nægjanleg hvað varðar fjárhæð tapþols sem ákvörðuð er skv. 1. gr., og til að ná fjárhæð endurfjármögnunar sem ákvörðuð er skv. 2. mgr. án niðurfærslu eða umbreytingu á þessum skuldbindingum.

3. Skilastjórnvald skal ákvarða hvort skuldbindingar sem tilgreindar eru í samræmi við 1. mgr. séu jafngildar eða lægri í réttindaröð lánardrottna vegna ógjaldfærni en hver sá flokkur skuldbindinga sem tekur til skuldbindinga sem tækar eru til að teljast til lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar og, fyrir hvern slíkan flokk, hvort fjárhæð auðkenndra skuldbindinga er í heild meira en 10% innan þess flokks.

Ef skilastjórnvald ákveður að skilyrðin sem um getur í fyrstu undirgrein séu uppfyllt skal það einnig meta hvort unnt sé að fullnægja þörfinni fyrir að mæta tapi og leggja til endurfjármögnunarinnar, sem skuldbindingarnar sem um getur í fyrstu undirgrein tækju til ef þær væru ekki útilokaðar frá eftirgjöf, með skuldbindingum sem eru tækar til að teljast til lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar og eru ekki útilokaðar frá tapþoli eða endurfjármögnun án þess að brjóta verndarráðstöfun kröfuhafa sem kveðið er á um í 73. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.

4. Skilastjórnvald skal halda skrá um allar forsendur, mat eða aðrar upplýsingar sem notaðar eru til að ákvarða að lágmarkskrafan um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar uppfylli skilyrðin sem sett eru fram í 3. mgr.

4. gr.

Viðskiptalíkan, fjármögnunarlíkan og áhættusnið

1. Að því er varðar d-lið 6. mgr. 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, og í tengslum við samráð sem gerð er krafa um í 6. mgr. 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, skal skilastjórnvald taka tillit til upplýsinga lögbærs yfirvalds, þ.m.t. samantektar og útskýringar á niðurstöðu könnunar- og matsferlis sem er framkvæmt í samræmi við 97. gr. tilskipunar 2013/36/ESB, einkum:

- a) samantekt á mati sérhvers viðskiptalíkans, fjármögnunarlíkans og heildaráhættusniðs stofnunarinnar,
- b) samantekt á mati á því hvort eigið fé og lausafé stofnunar séu í góðu samræmi við áhættu sem stafar af viðskiptalíkani, fjármögnunarlíkani og heildaráhættusniði stofnunarinnar,

- c) upplýsingar um hvernig áhætta og veikleikar sem stafa af viðskiptalíkani, fjármögnunarlíkani og heildaráhættusniði stofnunar sem tilgreind eru í könnunar- og matsferli endurspeglast, beint eða óbeint, í kröfum um viðbótareiginfjárgrunn sem beint er til stofnunar skv. a-lið 1. mgr. 104. gr. tilskipunar 2013/36/ESB, byggt á niðurstöðum úr könnunar- og matsferlinu,
- d) upplýsingar um aðrar varfærniskröfur sem gerðar eru til stofnunar til að taka á áhættu og veikleikum sem eru tilgreind í könnunar- og matsferlinu og stafa af viðskiptalíkani, fjármögnunarlíkani og heildaráhættusniði stofnunarinnar.
2. Skilastjórnvöld skulu taka tillit til upplýsinganna sem um getur í 1. mgr. ef þau gera einhverjar aðlaganir á staðalfjárhæð tappols og endurfjármögnunar, eins og lýst er í 5. mgr. 1. gr. og 9. mgr. 2. gr., til að tryggja að hin aðlagða lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar endurspegli nægjanlega áhættu sem kann að hafa áhrif á skilabærni og stafar af viðskiptalíkani, fjármögnunarlíkani og heildaráhættusniði stofnunarinnar.

Skilastjórnvald skal veita lögbæru yfirvaldi rökstuðning um hvernig tekið hefur verið tillit til þeirra upplýsinga við allar slíkar breytingar, í tengslum við þá skyldu skilastjórnvalds að hafa samráð við lögbært yfirvald skv. 6. mgr. 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.

3. Þegar um er að ræða aðila eða samstæðu sem fellur undir eiginfjár- og varfærniskröfur skv. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 ⁽¹⁾ eða reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 909/2014 ⁽²⁾, ætti aðeins að taka tillit til eiginfjárfra samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 575/2013 og tilskipun 2013/36/ESB til að meta staðlaðar kröfur varðandi fjárhæðir tappols og endurfjármögnunar skv. 1. og 2. gr. þessarar reglugerðar.

Skilastjórnvald getur aðlagð fjárhæð tappols til að hafa hliðsjón af gerlegum og raunhæfum framlögum til að mæta tapi og til endurfjármögnunar vegna tiltekinna krafna, í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 648/2012 eða reglugerð (ESB) nr. 909/2014.

4. Ef um er að ræða aðila sem eru dótturfélög samstæðu sem fellur undir lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar á samstæðugrunni getur skilastjórnvald sleppt, í mati sínu á fjárhæð tappols og fjárhæð endurfjármögnunar, sérhverjum eiginfjárafka sem er aðeins settur á samstæðugrunni.
5. Ef annað yfirvald en lögbært yfirvald hefur verið tilnefnt sem ábyrgt yfirvald hvað það varðar að ákvarða hlutfall sveiflujöfnunarauka getur skilastjórnvald farið fram á viðbóturupplýsingar frá tilnefndu yfirvaldi.

5. gr.

Stærð og kerfisáhætta

1. Hvað varðar stofnanir og samstæður sem viðkomandi lögbær yfirvöld hafa tilnefnt sem kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu eða aðrar kerfislega mikilvægar stofnanir, og hvað varðar hverja þá aðra stofnun sem lögbært yfirvald eða skilastjórnvald telur fremur líklegt að hafi í för með sér kerfisáhættu ef til falls kemur og fellur ekki innan 2. mgr. 2. gr. þessarar reglugerðar, skal skilastjórnvald taka tillit til krafna sem settar eru fram í 44. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.
2. Ef krafist er sameiginlegrar ákvörðunar skilaráðs um lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar í samræmi við 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB hvað varðar stofnanir sem viðkomandi lögbær yfirvöld hafa tilnefnt sem kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu eða aðrar kerfislega mikilvægar stofnanir, og stofnanir innan þeirra, sem og hverja þá stofnun aðra sem lögbært yfirvald eða skilastjórnvald telur fremur líklegt að hafi í för með sér kerfisáhættu ef til falls kemur, skal hver aðlögun, sem er lækun, til að leggja mat á gildandi eiginfjárkröfur eftir skilameðferð skv. 3. mgr. 2. gr., skjalfest og útskýrd í upplýsingunum sem aðilum skilaráðsins eru veittar.

(1) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlega mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár (Stj. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1).

(2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 909/2014 frá 23. júlí 2014 um bætt verðbréfauppgjör í Evrópusambandinu og um verðbréfamistöðvar og um breytingu á tilskipunum 98/26/EB og 2014/65/ESB og reglugerð (ESB) nr. 236/2012 (Stj. ESB L 257, 28.8.2014, bls. 1).

*6. gr.***Framlög innstæðutryggingakerfisins til að fjármagna skilameðferð**

1. Skilastjórnvald getur lækkað lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar til að taka til greina fjárhæðina sem búist er við að innstæðutryggingakerfi leggi fram til að fjármagna æskilegustu skilastefnuna í samræmi við 109. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.
2. Stærð sérhverrar slíkrar lækkunar skal byggjast á raunhæfu mati á hugsanlegu framlagi úr innstæðutryggingakerfinu og skal að lágmarki:
 - a) vera minni en varfærið mat á hugsanlegu tapi sem innstæðutryggingakerfið hefði þurft að þola, ef stofnunin hefði sætt slitameðferð við hefðbundna ógjaldfærimeðferð, að teknu tilliti til stöðu innstæðutryggingakerfisins í forgangsröð skv. 108. gr. tilskipunar 2014/59/ESB,
 - b) vera minni en hámarkið fyrir framlög innstæðutryggingakerfisins sem sett er fram í annarri undirgrein 5. mgr. 109. gr. tilskipunar 2014/59/ESB,
 - c) hafa hliðsjón af heildaráhættunni af því að allir tiltækir fjármunir innstæðutryggingakerfisins verði uppunir vegna framlaga vegna falls eða skilameðferðar margra banka, og
 - d) vera í samræmi við öll viðkomandi ákvæði í landslögum, sem og skyldur og ábyrgð yfirvaldsins sem ber ábyrgð á innstæðutryggingakerfinu.
3. Skilastjórnvald skal, að höfðu samráði við yfirvaldið sem ber ábyrgð á innstæðutryggingakerfinu, skjalfesta nálgun sína að því er varðar mat á heildaráhættunni af því að allir tiltækir fjármunir innstæðutryggingakerfisins verði uppunir og beita lækkunum í samræmi við 1. mgr., að því tilskildu að áhættan sé ekki óhófleg.

*7. gr.***Heildarmat á lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar**

1. Skilastjórnvöld skulu tryggja að lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar dugi til niðurfærslu eða umbreytinga á fjárhæð eiginfjárgrunns og fullgildra hæfra skuldbindinga sem er a.m.k. jöfn samtölu tapþols og fjárhæð endurfjármögnunar eins og ákvarðað er af skilastjórnvöldum í samræmi við 1. og 2. gr., með fyrirvara um ákvæðin sem mælt er fyrir um í 3.–6. gr.
2. Skilastjórnvöld skulu gefa upp reiknaða lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar sem hundraðshluta heildarskuldbindinga og eiginfjárgrunns stofnunarinnar, þar sem afleiðuskuldbindingar reiknast innan heildarskuldbindinga á grundvelli þess að tekið er fullt tillit til greiðslujöfnunarréttar mótaðila.
3. Skilastjórnvöld skulu koma á áætlun eða ferli til að uppfæra lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar þar sem tekið er mið af:
 - a) þörfinni á að uppfæra lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar samhliða mati á skilabærni,
 - b) því hvort flókt heildarskuldbindinga og eiginfjárgrunns aðilans eða samstæðunnar, sem stafar af viðskiptalíkaninu, leiði að líkindum fyrr til þess að lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar teljist ekki lengur hæfileg.

*8. gr.***Umbreytingarráðstafanir og ráðstafanir eftir skilameðferð**

1. Þrátt fyrir 7. gr. geta skilastjórnvöld ákveðið hæfilegt umbreytingartímabil til að ná lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar eða fyrir stofnun eða einingu sem skilameðferðarráðum hefur verið beitt á.

2. Að því er 1. mgr. varðar skulu skilastjórnvöld ákveða hæfilegt umbreytingartímabil sem er eins stutt og mögulegt er. Þau skulu einnig tilkynna stofnuninni um fyrirhugaða lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar fyrir hvert 12 mánaða tímabil á umbreytingartímabilinu. Við lok umbreytingartímabilsins skal endanleg lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar vera jöfn fjárhæðinni sem ákveðin er skv. 7. gr.

3. Skilastjórnvöld geta í framhaldinu óhindrað endurskoðað annaðhvort umbreytingartímabilið eða fyrirhugaða lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar.

9. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. maí 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.
